

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggja fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 78 7. febrúar 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 23. maí 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Árni P. Arnason.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hornbanka.

1. gr.

Frá og með 1. júní 1985, uns annað verður ákveðið, eru togveiðar bannaðar á svæði á Hornbanka sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- a. 66°49'12 N—21°45'24 V
- b. 66°52'42 N—20°47'54 V
- c. 66°32'20 N—21°04'54 V
- d. 66°30'18 N—21°31'25 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varðar viðurlögum samkvæmt ákvörðun laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 31. maí 1985.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.